

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TÞH/ls

01.05.2011

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, 720. mál.

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur sent RARIK til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, 720. mál. Í frumvarpinu er lagt til að heimildir opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum sé stytur frá því sem er í núgildandi auðlindalögum og vatnalögum. Gert er ráð fyrir að heimild til veitingar afnotaréttar fyrir vatnsafl lækki úr 65 árum í 40 ár og úr 65 árum í 30 ár fyrir jarðvarma. Jafnframt er gert ráð fyrir að leigjandi hafi að uppfylltum skilyrðum forgangsrétt á framlengingu og endursamningi afnotaréttarins um 20 ár, nema til standi að nýta auðlindina með öðrum hætti.

RARIK hefur yfirfarið frumvarpið og telur að stytting á leigutíma auðlindarinnar sé úr takti við almennan afskriftartíma virkjana og muni því leiða til lækkunar á arðsemi nýrra virkjana. Því telur RARIK að afleiðingar af fyrirhugaðri breytingu muni verða þær að verðmæti auðlindarinnar skerðist umtalsvert, enda mun minnkandi arðsemi virkjana minnka getu þeirra til að greiða leigugjald vegna auðlindar. Í ákveðnum tilvikum má búast við að stytting leigutímans leiði til þess að virkjanir verði óarðbærar, eða ekki samkeppnishæfar á raforkumarkaði og auðlindir verði þannig verðlausar. Það hefur varla verið tilgangurinn með frumvarpinu.

Þá er umhugsunarefni hvort að með frumvarpinu sé hugmyndin að flytja arðsemi auðlindarinnar frá þeim sem á auðlindina til þess sem á virkjunina á þeim tímapunkti sem búið er að afskrifa hana (á 30 eða 40 árum). Eða hvort tilgangurinn sé að flytja greiðslu vegna auðlindarinnar aftur, með því að taka lítinn sem engan arð af auðlindinni á fyrstu 30 – 40 árum virkjunar, en hækka leigugjaldið verulega að þeim tíma liðnum. Eftir 40 ár frá byggingu vatnsaflsvirkjunar er mjög langur tími eftir af líftíma hennar. Eðli vatnsaflsvirkjana er að nær allur kostnaður við hana kemur í upphafi, en eftir það er óverulegur rekstrarkostnaður sem fylgir rekstrinum. Mikil arðsemi getur því verið af fullafskrifaðri virkjun sem á mikið eftir af líftíma sínum. Heppilegast væri að leigugjald vegna auðlindar fari saman með arðsemi virkjunar.

Ef hugmyndin með frumvarpinu er að leigugjald fyrir auðlindina endurspegli verðmæti af sams konar auðlind á hverjum tíma, þá væri eðlilegra að setja reglur um breytilegt leiguverð auðlindarinnar, sem gæti t.d. verið endurskoðað á 40 ára fresti. Leigutíminn þarf hins vegar alltaf að taka mið af þeim tíma sem áætlað er að virkjunin nýti auðlindina.

Að öðru leyti er vísað til þeirra athugasemda sem koma fram í umsögn Samorku.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri